

Aðalfundur Golfklúbbsins Setbergs.

Haldinn 07.12.2017 kl: 18.00 í sal eldri borgara í Hafnarfirði, Hraunseli.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Formaður setti fundinn kl 18.00 og stakk upp á Þórarni Sófussyni sem fundarstjóra og Gunnlaugi Guðjónssyni sem fundarritara. Var það samþykkt samhljóða.

Mættir á fundinn voru 36 félagar.

2. Skýrsla formanns.

Högni Friðþjófsson (HF) flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2017. Var skýrslunni varpað með skjávarpa á vegg auk þess sem skýrslan var aðgengileg á heimasíðu GSE. HF kom víða við og greindi frá öllu því helsta sem gerst hefði á árinu.

Það helsta sem kom fram var:

- a) Stutt yfirlit um ástand vallarins.
- b) Umsjón með brautum. Umsjónarmenn 3. brautar undir forystu Jóns Sigurðssonar og Elínar Reynisdóttur fengu sérstakt hrós fyrir sitt starf. Skiptar skoðanir væru á þessu fyrirkomulagi hjá öðrum klúbbum.
- c) Félagar í upphafi árs voru 430 en í lok ársins voru þeir 420. Rekstrarniðurstaða ársins var þó í samræmi við fjárhagsáætlun, hagnaður af rekstri og klúbburinn sem fyrr skuldlaus.
- d) Fjárfest var í tveimur sláttuvélum sem áður voru á leigu og geymsluhúsnæði (gámar og tengibygging) undir vélar og tæki. Klúbburinn á því nú þau tæki og geymslur sem þarf til að reka klúbbinn.
- e) Nýliðakynning í umsjá Hrafns Guðlaugssonar hefði gengið vel og sem fyrr var Ólafur Jóhannesson IPGA golfkennari klúbbsins.
- f) Félagsstarfið hefði verið með ágætum. Konurnar væru duglegar að hittast á mánudögum, hefðu tekið á móti gestum frá öðrum klúbbum og heimsótt konur í Golfklúbbi Suðurnesja. Körlum stendur síðan til boða að spila saman á þriðjudögum. Stefnt er að því að auka þetta starf í klúbbnum.
- g) Mótahald hefði verið með hefðbundnum hætti. Helstu úrslit í mótum:
Klúbbmeistari kvenna → Jóhanna Sveinsdóttir
Klúbbmeistari karla → Tryggvi Traustason
Bikarmeistari karla → Þorsteinn Erik Geirsson
Bikarmeistari kvenna → Herdís Hermannsdóttir
Kvennasveit GSE í öldungaflokki varð Íslandsmeistari í 2. deild í Vestmannaeyjum og færist við það upp í 1. deild.
Karlasveit GSE varð í 2. sæti í 2. deild og leikur því í 1. deild að ári.
Öldungasveit karla spilaði í 3 deild og endaði í 2. sæti og leikur því í 2. deild að ári.
- h) Vinavallasamningar hefðu verið gerðir við Golfklúbbinn Hellu, Golfklúbb Suðurnesja og Golfklúbb Borgarness.
- i) Nauðsynlegt væri að gera GSE meira sýnilegt á samskiptamiðlum svo sem Twitter, Instagram, Facebook og fl. Facebook-síðan „allir í gse“ hefði reynst vel.

- j) Greint frá því hverjir hefðu verið starfsmenn GSE og rekstraraðili golfskálans.
- k) Farið yfir hugmyndir um stofnun framtíðarnefndar GSE og framtíðaraðstöðu klúbbsins (sjá lið B í önnur mál).

3. Skýrsla gjaldkera.

Péturs Einarsson lagði fram skoðaða reikninga klúbbsins og las upp helstu niðurstöðutölur. Voru reikningarnir samþykktir samhljóða og án athugasemda.

4. Árgjald og önnur gjöld

Ákveðið var að öll árgjöld fyrir 2018 yrði óbreytt. Þ.e.a.s. 66.000 kr. fyrir fullorðna. Félagar á aldrinum 19-25 greiða 44.000 kr. og börn og unglingar greiða 22.000 kr.

5. Kosning Formanns.

Sitjandi formaður, Högni Friðþjófsson, gaf áfram kost á sér og var hann endurkjörinn með öllum greiddum atkvæðum.

7. Stjórnarkjör.

Samkvæmt lögum félagsins dattu Pétur Einarsson, Þórarinn Sófusson og Óskar Sigurmundason úr stjórninni. Fundastóri sagði að Óskar hefði ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í sjórn. Fyrir fundinn hafði borist eitt framboð til stjórnar frá Fríðu Björg Leifsdóttur og á fundinum bauð Elín Reynisdóttir sig einnig fram í stjórn. Þurfti því að ganga til akvæða um næstu stjórn. Niðurstaða atkvæðagreiðslu var svohljóðandi:

Péur Einarsson fékk 35 atkvæði.

Þórarinn Sófusson fékk 32 atkvæði

Fríða Björg Leifsdóttir fékk 23 atkvæði

Elín Reynisdóttir fékk 18 atkvæði

Er nýja stjórnin því þannig skipuð:

Högni Friðþjófsson, Pétur Einarsson, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Björn Eysteinnsson, Fríða Björg Leifsdóttir, Þórarinn Sófusson og Karl Ísleifsson.

Skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir þeir Einar Sigurðsson og Örn Andrésson.

8. Önnur mál.

- a) HF fór í stuttu máli yfir hugmyndir sem fram hafa komið um nánari samvinnu við Golfklúbbinn Keili (GK). Hugmyndin er sú að GK muni sjá um umhirðu á vellinum (gras). GK mun því sjá um allan slátt, söndun, götun og annað sem þarf til að Setbergsvöllurinn verði í góðu ástandi. Félagar í GK munu ekki fá spilarétt á Setbergi. Allt starf innan klúbbsins, svo sem mót, rekstur golfskála, innheimta flatargjalda og fl. verður áfram í höndum GSE. Varðandi greiðslu fyrir þessa þjónustu þá

yrði unnið út frá ákveðinni skiptingu á tekjum vegna árgjalda. Nokkrar spurningar komu og svaraði HF þeim og lagði áherslu á að ekki væri búið að semja endanlega um neitt. Hörður Þorsteinsson lagði áherslu á að vanda yrði til verka við gerð samningsins. Mikilvægt væri að hafa ákvæði um sameiginlega nefnd klúbbanna og óháðan úttektaraðila ef ágreiningur kæmi upp um gæði þjónustunnar.

- b) HF kynnti hugmyndir um að stofna tvær nýjar nefndir, þ.e. kynningarnefnd og framtíðarnefnd GSE. Kynningarnefnd væri ætlað það hlutverk að auka virkni GSE á samfélagsmiðlum og gera hann meira sýnilegri. Láta vita af okkur á Twitter, Instagram, Faceook og fleiri stöðum. Var ákveðið að í forsvari fyrir þessa nefnd yrðu Elín Reynisdóttir, Hrafn Guðlaugsson og Gunnar Björn Guðmundsson. Þau myndu tilnefna fleiri aðila sér til aðstoðar. Framtíðarnefnd væri ætlað það hlutverk að vera í forsvari fyrir klúbbinn vegna uppbyggingar á nýju framtíðarsvæði fyrir GSE í nánu samráði og samstarfi við hagsmunaraðila. Var ákveðið að í forsvari fyrir þessa nefnd yrðu Hörður Þorsteinsson, Jóhann Gunnarsson og Kristín Hrönn Guðmundsdóttir. Stjórn klúbbsins myndi síðan tilnefna fleiri aðila í þessa nefnd.
- c) Ræddar voru hugmyndir um að stofna hóp velunnara vallarins í staðinn fyrir að hópar taki að sér umsjá brauta. Þessi hópur myndi þá taka að sér verkefni á vellinum til þess að gera völlinn enn snyrtilegri.
- d) Ræddar voru hugmyndir um að nota sama fyrirkomulag við ræsingu og væri hjá Nesklúbbnum. Þetta væri einfalt og gott fyrirkomulag og tryggði betur að 4 væru saman í holti.
- e) Samþykkt var að sama fyrirkomulag yrði næsta sumar varðandi ræsingu eftir 15. ágúst. Eftir þann tíma þurfa félagar að setja aftur bolta í rennu eftir 9 holur ef þeir ætla að spila 18 holur. Tannhjólareglan væri ekki í gildi.
- f) Rætt var um aukna kynningu fyrir nýliða. HF benti á að haldin hefðu verið nýliðanámskeið s.l. sumar undir leiðsögn Hrafns Guðlaugsson sem hefði tekist mjög vel. Hörður Þorsteinsson benti á fyrirkomulag sem væri notað hjá sumum golfklúbbum úti á landi sem væri að halda mót vanir/óvanir. Þar væri hægt að fara yfir grundvallaratriðin og félagar tengdust betur.
- g) Elín spurði hvort ákveðið hefði verið að reisa salernisaðstöðu við 6. teig eða hvort semja eigi aftur við gámaþjónustuna. HF sagði að engin ákvörðun hefði verið tekin um þetta.
- h) Elín kom á framfæri tillögu frá Siggú að halda/gera eitthvað einu sinni í mánuði í vetur í golfskálanum. Hér væri átt við t.d. pókerkvöld, bingo, bridge o.s.frv.
- i) Karl Johan Bruhne spurði hvort rætt hefði verið að setja upp öryggismyndavél við golfskála. Eitthvað hefði borið á þjófnaði og hefði hans kíkir t.d. verið tekinn úr golfpoka um miðjan dag. Stjórn var falið að skoða þetta mál.

- j) Jóhann Gunnarsson spurði hvort vitað væri hversu lengi klúbburinn héldi aðstöðu sinni á Setbergsvelli. Ekki er hægt að svara þeirri spurningu með fullri vissu en eigendur hafa gefið það út að klúbburinn fái að leigja völinn þar til heimild fæst til þess að hefja framkvæmdir.

9. Þórarinn Sófusson sleit fundi kl 19.35.

Kópavogur 9. desember 2017.

Gunnlaugur Guðjónsson
Fundarritari aðalfundar GSE 2017.